

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja, er taki gildi 1. ágúst 1993:

Gjaldskrár Bæjarveitna Vestmannaeyja, nr. 58 og nr. 59, 1. apríl 1993.

Í samræmi við hækkun byggingarvísitölu janúar – ágúst 1993 hækkar gjaldskrá fyrir heitt vatn um 1,53% og rafhitataxtar einnig um 1,53%.

Gjaldskrárliðir fyrir raforku hækka um 3,79% vegna hækkunar á heildsöluverði RARIK um 5,3%.

Gildistími hækkanna er frá 1. ágúst 1993.

Iðnaðarráðuneytið, 29. júlí 1993.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða og Hitaveitu Suðureyrar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða og gjaldskrá Hitaveitu Suðureyrar, er taki gildi 1. ágúst 1993:

Gjaldskrár Orkubús Vestfjarða nr. 219 og 220 28. maí 1993 svo og gjaldskrá Hitaveitu Suðureyrar nr. 21, 17. janúar 1991.

Allar gjaldskrár fyrirtækisins hækka um 3,5% frá og með 1. ágúst nk. Um er að ræða flata hækkun á alla liði í raforkugjaldskrá, hitaveitugjaldskrá svo og alla liði gjaldskrár Hitaveitu Suðureyrar.

Iðnaðarráðuneytið, 29. júlí 1993.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.